

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla  
og afgreiðslu lyfja nr. 191/1979.**

## 1. gr.

Eftirfarandi tölulíður 6. gr., b-stafliðar hljóði svo:

„III. Medazepamum. Hámarks magn á lyfseðli 250 eða 300 mg. (Dæmi: Nobrium 10 mg 25 hylki eða Nobrium 5 mg 60 hylki)“.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. febrúar 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Ingólf J. Petersen.*

**REGLUGERÐ****um breyting á reglugerð nr. 129/1971 um notkun og bann við notkun  
tiltekinna eiturefna og hættulegra efna ásamt síðari breytingum.**

## 1. gr.

Ný grein, er verði 14. gr., orðist svo:

Eigi má setja á markað og selja almenningi (almennan markað) lífræn leysiefni á lista IV A, sbr. reglugerð um flokkun eiturefna og hættulegra efna eða blöndur þeirra nema fyrst hafi verið samþykkt ílát, merkingar, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun svo og notagildi efnanna samþykkt. Ákvæði þessi eiga þó ekki við, ef styrkt lífrænna leysiefna á lista IV A er í varningi samtals minni en fimm af hundraði.

Þeir, sem hyggjast selja á almennum markaði lífræn leysiefni á lista IV A eða varning, sem hefur þessi efni að geyma, skulu sækja til Hollustuverndar ríkisins um leyfi til þess. Skulu umsóknnum fylgja sýnishorn af ílátum (eða myndir af þeim), merkimiðar og varnaðarorð í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð íláta, merkingu og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna svo fremi, að ákvæði reglugerðarinnar taki til hlutaðeigandi efna. Þá skulu umsóknnum fylgja upplýsingar um til hvers nota eigi efnin og hvert sé notagildi þeirra að mati umsækjanda svo og notkunarreglur. Hollustuvernd ríkisins skal leita álits eiturefnaneftndar, áður en leyfi er veitt til þess að selja varninginn.

Eiturefnaneftnd skal meta sérstaklega, hvert sé notagildi varningsins og hvort eiturrhif hlutaðeigandi efna kunni að vera óhæfilega mikil miðað við notagildi þeirra. Eiturefnaneftnd skal ennfremur meta, hvort veruleg hættu sé á eitrunum af völdum efnanna til þeirra nota, sem umsækjandi mælir með, eða með þeim notkunaraðferðum, sem hann mælir með.

Ákvæði þessarar reglugerðar eiga ekki við sölu í heildsölu á lífrænum leysiefnum á lista IV A til þeirra aðila, er greinir í 1.—6. tölulíðu 1. málgr. 5. gr. laga nr. 85/1968. Við heildsölu á lífrænum leysiefnum, sem talin eru á lista IV A, eða blöndum þeirra skal gæta fyrirmæla reglugerðar um gerð íláta, merkingar og varnaðarmerki varðandi sölu og varðveislu hættulegra efna, svo og annarra ákvæða, er sett kunna að verða.

## 2. gr.

14. gr. verði 15. gr.